



2011-05-10

Aðalfundur BSTR 2011

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2010

Árið 2010 var viðburðaríkt hjá Byggingarstaðlaráði. Viðamiklum verkefnum lauk á árinu með útgáfu nýrra staðla á byggingarsviði. Á starfsárinu var einnig unnið að öðrum stöðlunarverkefnum sem eru ýmist í vinnslu eða undirbúningi. Hluta þessara verkefna mun ljúka á árinu 2011 og önnur spanna lengri tíma. Hér á eftir verður fjallað um helstu verkefni ráðsins.

Þjóðarviðaukar við nýja þolhönnunarstaðla

Vinna við þjóðarviðauka vegna nýju evrópsku þolhönnunarstaðlanna, Eurocodes-staðlasettið, er umfangsmesta verkefni Byggingarstaðlaráðs á liðnum árum. Þjóðarviðaukarnir hafa nú verið gefnir út, að undanskildum stöðlum sem varða brýr sérstaklega, og koma þeir í stað forstaðlanna og þjóðarskjalanna sem hafa verið í gildi. Þessir nýju staðlar eru 58 talsins og er í hverjum og einum tilgreint hvar einstaka aðildarlönd Evrópska efnahagssvæðisins mega birta sín sérákvæði. Nýjar handbækur og hugbúnaður taka mið af Eurocodes-staðlasettinu um leið og eldri forstaðlar víkja. Umhverfisráðuneytið hefur unnið með BSTR að framgangi verkefnisins líkt og áður varðandi þjóðarskjölin.

Á undirbúningstíma frumvarpanna boðaði byggingarstaðlaráð til opins kynningarfundar um efni þjóðarviðaukanna. Þar gátumenn skipst á skoðunum og komið á framfæri athugasemdum við drögin. Á fundinn mættu um 60 manns og var mál manna að vel hefði tekist til.

Þjóðarviðaukarnir vegna brúarstaðlana eru í vinnslu og hefur sú vinna tekið mið af sambærilegum viðaukum á Norðurlöndum.

Þegar þeirri vinnu lýkur hefur Ísland komist í hóp Evrópuríkja sem nota evrópska staðlasettið ásamt viðeigandi þjóðarviðaukum fyrir alla þolhönnun.

Byggingarstaðlaráð færir þakkið öllum sem lögðu hönd á plóginn og gerðu mögulegt að ljúka þessu viðamikla verkefni jafn myndarlega og raun ber vitni. Ráðið þakkar sérstaklega eftirtöldum aðilum fyrir óeingjarnt starf í þágu verkefnisins.



Vinnuhópar og þátttakendur:

Grundun

- Pálmi Ragnar Pálmason, verkfræðingur hjá Verkís
- Jórunn Halldórsdóttir verkfræðingur hjá Mannviti
- Jón Skúlason verkfræðingur
- Jón Skúli Indriðason verkfræðingur hjá Eflu

Efnisstaðlar

- Snæbjörn Kristjánsson hjá Ferli,
- Baldvin Einarsson hjá Eflu
- Eggert Valmundsson hjá Verkís.

Einnig hafa verið fengnir til liðs við hópinn

- Bjarni Ingibergsson hjá BM Vallá
- Bjarni Jón Pálsson hjá Eflu
- Úlfar Aðalsteinsson hjá Almennu verkfræðistofunni
- Hrund Einarsdóttir hjá Ferli

Álagsstaðlar

- Flosi Sigurðsson hjá Verkís
- Guðbrandur Steinþórsson hjá HR
- Bjarni Bessason HÍ.

Aðrir staðlar

Brunastaðlar

- Björn Karlsson brunamálastjóri
- Benedikt Jónsson hjá Brunamálastofnun

Brúarstaðlar

- Einar Hafliðason hjá Vegagerðinni

Auk framangreindra fulltrúa sátu fundi vinnuhópanna þeir Jón Sigurjónsson, formaður Byggingarstaðlaráðs, Dr. Hafsteinn Pálsson frá umhverfissráðuneyti og Arngrímur Blöndahl, ritari BSTR.

ÍST 45:2003 Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæði

Vinnu við nýja útgáfu staðals um hljóðvist í byggingum lauk á starfsárinu. Frumvarpið var í útgáfufæri í lok starfsársins og mun staðallinn bera heitið ÍST 45:2011 *Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis*. Þetta er 2. útgáfa staðalsins og tekur við af ÍST 45 *Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis*.



Í staðlinum er m.a. sú breyting frá fyrri útgáfu, að fjallað er um allar algengar gerðir af húsnæði í stað einungis íbúðarhúsnæðis áður. Í nýjum staðli eru viðmiðunarmörkum deilt upp í fjóra flokka hljóðvistar frá A – D og er þá miðað við að flokkur C uppfylli ákvæði næstu útgáfu byggingarreglugerðar en hinir flokkarnir eru valkvæðir.

Þegar frumvarpið var á lokastigi boðaði Byggingarstaðlaráð til opins kynningarfundar um efni þess. Mikill áhugi var fyrir kynningunni því húsfylli var í sal Verk- og tæknifræðinga við Engjateig. Var gerður góður rómur að frumvarpinu.

Byggingarstaðlaráð lýsir ánægju sinni með þessa myndarlegu viðbót við séríslenska staðla og færir hlutaðeigandi bestu þakkir fyrir þá miklu vinnu sem lögð var í verkið.

Vinnuhópin skipuðu:

Steindór Guðmundsson hjá Verkís
Bergþóra Kristinsdóttir hjá Eflu
Sigurður Karlsson hjá Vinnueftirliti ríkisins
Jón Sigurjónsson formaður BSTR
Arngrímur Blöndahl hjá Staðlaráði var ritari hópans

ÍST 30:2003 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir

Vinna við endurskoðun á ÍST 30 hófst í nóvember 2008. Alls hafa verið haldnir ríflega 40 fundir í vinnuhópnum, þar af 19 fundir á árinu 2010.

Vinnuhópin skipa:

Rögvaldur Gunnarsson, Vegagerðinni, formaður
Sigurður Halldórsson, en hann leysti Ásgeir Magnússon hjá Samtökum iðnaðarins af hólmi á starfsárinu.
Guðmundur Pálmi Kristinsson, Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar
Kolbeinn Kolbeinsson, Ístaki
Magnús Jónsson hjá Risi
Óskar Valdimarsson, FSR
Sigþór Jóhannesson, Verkís

Fyrir utan efnislegar breytingar var lagt til að uppsetningu og röðun efnis í ÍST 30 yrði breytt með það að leiðarljósi að efnið yrði í rökréttari röð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að staðallinn skiptist í 6 kafla undir eftirfarandi heitum:

- 1 Gildissvið – skilgreiningar
- 2 Útboð og tilboð
- 3 Verksamningur
- 4 Verkframkvæmd
- 5 Greiðslur – Verðlagsákvæði
- 6 Vanefndir – Ágreiningsmál



Aðrar breytingar sem lagðar eru til felast meðal annars í eftirfarandi:

- Endurskoðað orðalag og orðanotkun.
- Ný hugtök og aðferðir, svo sem „sameiginlegur rafrænn útboðmarkaður og gæðastjórnun.“
- Kveðið skýrar á um ýmis ákvæði og samskipti.
- Bætt inn hugtökum í skilgreiningarkafli.
- Samræming á skyldum (og réttindum) verkkaupa og verktaka.
- Skilgreint hvernig skuli fara með frávik frá ákvæðum staðalsins.
- Kaflar um verktryggingu, tímabundna stöðvun verks, vanefndir-riftun, og ágreiningsmál voru endurskrifaðir.

Vinnuhópurinn er í lok ársins 2010 með frumvarp staðalsins til yfirlestrar og áætlað að auglýsa frumvarpið til umsagnar í byrjun 2011.

Skráning á fjölda svefnherbergja í íbúðum / Hæð bygginga og hæðaskráning

Vinna í vinnuhópnum lá að mestu niðri á árinu vegna anna.

ÍST INSTA 142 Nordiske regler for visuel styrkesortering af konstruktionstræ

Samnorræni staðallinn INSTA 142 hefur verið endurskoðaður nýlega og tekið gildi sem ÍST INSTA 142. Á starfsárinu lauk þýðingarvinnu við staðalinn. Fyrirhugað er að gefa staðalinn út á íslensku á þessu ári.

Ný verkefni

BSTR hefur fjallað um hugmyndir að nýjum verkefnum og koma nokkrar þeirra fram hér.

Notkun öryggisglers í byggingariðnaði.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs hefur haft til umfjöllunar nauðsyn þess að notkun öryggisglers í byggingum verði gerð skýrari skil. Við undirbúning hafa verið til skoðunar staðlar um sama mál í öðrum löndum.

Lífsferilskostnaður bygginga / skilgreiningar og flokkun.

BSTR hefur til skoðunar að gefa út þýðingu norska staðlinun NS 3454. Staðalinn heitir *Lífsferilskostnaður bygginga / skilgreiningar og flokkun* í íslenskri þýðingu og hefur vinnuhópur undir forystu Reykjavíkurborgar afhent BSTR þýðingu á norska staðlinum.

Gerð staðals um stiga í byggingum

Til skoðunar er að gera staðal um stiga í byggingum. Í slíkum vinnuhóp þyrftu m.a. að vera aðilar frá verkfræðingum, arkitektum, byggingarfulltrúum og Mannvirkjastofnun..



Gerð staðals um endingarhönnun steinsteypu

Til skoðunar er að koma endingarhönnun steinsteypu inn í steinsteypustaðla. Í slíkum staðli væri stöðluð forsögn um gerð steinsteypu með hliðsjón af notkun og þeim líftíma sem gerðar væru kröfur um í forskrift viðkomandi mannvirkis.

Þýðing á staðlinum ÍST EN 13670 Execution of concrete structures

Byggingarstaðlaráð hefur hafið undirbúning að þýðingu á staðlinum *ÍST EN 13670 Execution of concrete structures*. Leitað verður eftir stuðningi valinna fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana, sveitarfélaga og ráðuneyta vegna þýðingar á staðlinum sem fjallar um meðhöndlun steinsteypu á verkstað.

Tilgangurinn verkefnisins er að gera efni um vandaða meðhöndlun steinsteypu í mannvirkjagerð aðgengilegt á íslensku.

Samningsskilmálar um alverktöku

Byggingarstaðlaráð undirbýr að hefja vinnu við gerð á nýjum staðli sem fjallar um samningsskilmála um alverktöku. Brýnt er að vinna að samræmingu samninga og nánari skilgreiningum vegna slíkra útboða. Fram hafa komið hugmyndir um að taka mið af dönskum reglum og leiðbeiningum. Því væri um þýðingavinnu að ræða auk aðlögunar að íslenskum aðstæðum.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs 2010

Í stjórn Byggingarstaðlaráðs árið 2010 sátu.

Jón Sigurjónsson, formaður

Hafstein Pálsson

Magnús Sædal Svavarsson

Níels Indriðason

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Umhverfissráðuneytinu

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík

Verkís

Að lokum

Þó að sú dýfa sem byggingariðnaðurinn gengur nú í gegnum hafi lamað alla byggingarstarfsemi í landinu hefur tekist að halda út kröftugu starfi á sviði stöðlunar í mannvirkjagerð. Þessi staðreynd byggist að sjálfsögðu á að aðilar að Byggingarstaðlaráði, aðrir stuðningsaðilar og, síðast en ekki síst, þeir sem hafa staðið vaktina í vinnuhópnum, hafa stutt ráðið af mikilli einurð á erfiðum tímum.

Byggingarstaðlaráð færir öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem hafa komið að vinnu verkefna á liðnu ári sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag. Vonast ráðið eftir áframhaldandi góðu samstarfi á komandi árum þannig að stuðla megi að áframhaldandi framþróun í stöðlun á byggingarsviði.